

RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

21. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 8 FEBRÚAR 2013.

Mæting:

Ómar Baldursson, Georg Georgsson, Grétar Guðmundsson, Kristín Benediktsdóttir, Sigurjón Ingvason, Jón Ingi Skúlason, Júlía Björk Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvatz, Snorri Jónsson, Eyjólfur Ólafsson, Andri Jóhannesson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson,.

Dagskrá.

1. Fundargerðir síðustu 2ja funda
 2. Kjarasamningar
 3. Stjórn Stafa lífeyrissjóðs
 4. Málefnanefndir ASÍ
 - a) Menntanefnd
 - b) Lífeyris- og veikindaréttarnefnd
 5. Tekjur aðildarfélaganna 2012
 6. Orlofsmál
 7. Hjúkrunarheimilið Eir
 8. Fundaáætlun miðstjórnar vorið 2013
 9. Erlend samskipti
 - a) First International solidarity congress Dublin 18 & 19 september 2013
 - b) BWI-þing 1-5 desember Bangkok Thailand
 - c) BWI ungliðafundur
 10. Önnur mál
 - a) Útgáfa sögu ASÍ
 - b) Húsnæðislánakerfi
-
1. **Fundargerðir 2ja síðustu funda samþykktar, önnur án athugasemda, hin með breytingu í „liðnum“ önnur mál**
„Samþykkt að staðfesta kaup á vinnuvél fyrir Apavatnssvæðið“

2. Kjarasamningar

Frá síðasta fundi er ýmislegt búið að gerast í kjaramálum. Kjarasamningum var ekki sagt upp, aftur á móti samþykkt að framlengja þá til 31 nóvember 2013 sem er stytting um 2 mánuði.

Nú þarf að bretta upp ermar og hefja undirbúning að næstu kjarasamningagerð og vekja samninganefndirnar.

Rætt var um fyrirkomulag að næstu samningagerð, þ.e. hvort vera eigi með eina samninganefnd eða eiga allar samninganefndirnar að koma að gerð næsta samnings? Samþykkt að vera með eina samninganefnd í fyrstu, sem gerir „rammann“ og vísa því síðan í hinar nefndirnar.

Það er í höndum aðildarfélaganna að tilnefna fulltrúa í samninganefnd vegna kjarasamninganna og er óskað eftir tilnefningum svo hægt sé að hefja ferlið.

3. Stjórn Stafa lífeyrissjóðs

Guðmundur Gunnarsson formaður stjórnar Stafa lífeyrissjóðs gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn sjóðsins næsta kjörtímabil.

Finna þarf hæfan einstakling sem er tilbúinn að taka þetta starf af sér fyrir aðalfund sjóðsins sem haldinn verður í maí 2013.

Andri Jóhannesson sem er varamaður í stjórn sjóðsins vill einnig hætta, það þarf einnig að finna hæfan einstakling til að taka sæti hans.

Rætt um nýju lögin um kynjahlutföll í stjórnnum og ráðum. Það getur orðið vandamál hjá sumum að uppfylla skilyrði um rétt kynjahlutföll. Eins var rætt um hæfni manna til setu í stjórnnum lífeyrissjóða og mál því tengd. S.s. hvort stjórnarmenn framtíðarinnar verði annaðhvort viðskipta-eða lögfræðingar.

Sífelld er verið að auka hæfniskröfur á stjórnarmenn, og þeirra sem fara með málefni lífeyrissjóðanna. Óttast fundarmenn að þetta geti snúist í höndunum á stjórnvöldum þar sem einsleit þekking stjórnarmanna geti dregið verulega úr vísýni og mögulega skapað aukna áhættu.

4. Málefnanefndir ASÍ

a) Menntanefnd

Guðmundur Gunnarsson sem verið hefur aðalmaður í menntanefnd ASÍ gefur ekki kost á sér lengur til setu í nefndinni. Samþykkt að tala við Stefán Sveinsson skólustjóra Rafiðnaðarskólans um að taka sæti hans.

Júlía Þórðardóttir var skipuð varamaður í menntanefnd.

b) Lífeyris-og veikindaréttarnefnd

Guðmundur Gunnarsson var líka aðalmaður í lífeyris- og veikindaréttarnefnd. Hann gefur heldur ekki kost á lengri setu í henni. Andri Jóhannesson núverandi varamaður verður boðaður á fundi nefndarinnar þar til búið er að finna aðalmann í stað Guðmundar og horft verður til heildarmyndar eftir kjör stjórnarmanns í stjórn Stafa í vor.

5. Tekjur aðildarfélaganna

Tekjuaukning félaganna milli ára 2011 og 2012 er um 6,29%. Mest er tekjuaukningin hjá Félagi tæknifólks eða 27,90%. Önnur félög voru langt undir þessu. Formanni falið að skoða hvort þetta geti staðist, þ.e. svona mikil aukning á félagsmönnum í Félagi tæknifólks eða hvort menn séu ekki rétt staðsettir í félögum.

Kynntur var samanburður styrkja og tegund Styrktarsjóðs milli ára 2011 og 2012. Aukning hefur orðið á útgreiðslu á sumum styrkjum á meðan aðrar styrkveitingar hafa dregist saman.

Þá kom fram, að jólastyrkurinn sem við höfðum verið að veita atvinnulausum félagsmönnum hefur áhrif á atvinnuleysisbætur þeirra til lækkunar. Þetta mál verður að skoða fyrir næstu jól, hvort mögulegt sé að styðja við bakið á atvinnulausum félagsmönnum án þess að það komi til lækkunar á atvinnuleysisbótum viðkomandi. Það er ekki markmiðið að styðja atvinnuleysistryggingasjóð með þessum stuðningi.

6. Orlofsmál

Á Skógarnesi hefur komið upp vandamál með hitann í húsunum. Ljóst er að það vantar meira heitt vatn inná svæðið eða þá að draga úr vatnsnotkun á svæðinu. Verið er að vinna að úrbótum.

Framkvæmdir í Vaglaskógi eru á áætlun, þrátt fyrir mikil snjóalög á svæðinu.

7. Eir hjúkrunarheimili

Forsvarsmenn Eirar höfðu samband við RSÍ og formanni boðið að koma á fund þar sem fjárhagsstaða Eirar var kynnt, en allir hafa heyrt hvaða vandamál þar er á

ferðinni. Reyna á, að tryggja að þeir aðilar sem keypt hafa íbúðarétt tapi ekki eignum sínum, sem getur hlaupið á milljónum eða tugum milljóna.

Kynnt var útfærsla stjórnar Eirar, hvernig ætlunin sé að taka á vandanum og tryggja eignir skjólstæðinga Eirar. Upphaflega var leitað til RSÍ í þeim tilgangi að fjármagna mögulega lausn mála ásamt öðrum verkalýðsfélögum.

Vafi leikur á því hvort miðstjórn sé heimilt að fjárfesta í slíkum skuldabréfum sem þó nokkur áhætta getur falist í þeirri fjárfestingu. Töluverð umræða varð um málið og ljóst að ekki verður fjárfest í slíku enda ekki taldar heimildir til slíkra fjárfestinga.

8. Fundaráætlun miðstjórnar vorið 20113

Næsti fundur

15 mars

19 apríl

3-4 maí (Sambandsstjórnarfundur á Akureyri)

24 maí

7 júní.

Allir fundirnir byrja kl 14:00 og eru haldnir að Stórhöfða 31 4. hæð nema annað sé sértaklega tekið fram.

9. Erlend samskipti

a) Ráðstefnan „First International solidarity congress“ verður haldinn í Dublin 18-19 september.

Þetta er fundur rafiðnaðarsambanda víðsvegar að úr heiminum og er ætlaður sem vettvangur til að auka samskipti milli rafiðnaðasambanda.

Formaður Kristján og gjaldkeri Jens fara á þessa ráðstefnu.

b) BWI þing 1-5 desember, Bangkok Thailand.

Athuga með að senda 2 á þetta þing. Skoða með ferðakostnað og annað.

c) BWI ungliðafundur.

Þessi fundur verður haldinn í Þýskalandi í byrjun júní. Samþykkt að senda 3 ungliða á þennan fund.

- d) Alcoa er búið að boða til fundar í Pittsburg 2 og 3 maí n.k. þar sem farið verður yfir ýmis mál er snúa að verkalýðsmálum tengt Alcoa. Þessir fundir hafa reynst mjög vel á undanförunum árum enda veitir þetta mikla innsýn inn í stöðuna á heimsvísu.

Samþykkt að bjóða Ísleifi Tómassyni að sækja fundinn þar sem hann hefur staðið í framlínunni varðandi samskipti og kjarasamningagerð við fyrirtækið.

Önnur mál

- a) Útgáfa sögu ASÍ.

Verið er að gefa út sögu ASÍ og koma bækurnar sem verða tvö bindi út í maí n.k. Verðið er kr. 12.000.- bindið. Samþykkt að kaupa ein 70 eintök og koma þeim m.a. fyrir í orlofshúsunum.

- b) Til kynningar var nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd. Hægt er finna ítarlegar upplýsingar um kerfið á heimasíðu ASÍ.

- c) Samþykkt að festa kaup á „fatastandi“ fyrir 4 hæðina svo fundarmenn og aðrir geti lagt frá sér yfirhafnir.

- d) Hafi félagsmaður verið fullgildur félagi í tvö ár eða lengur og hyggur á fagnám í allt að tvö ár, er honum heimilt að óska eftir gjaldfrelsi til sjóða RSÍ og aðildarfélaga, án þess að eiga rétt til styrkja en viðhalda þar með áunnum réttindum í sjóðnunum. Áunnin réttindi virkjast um leið og greiðslur hefjast aftur í samræmi við breytingar á síðasta þingi RSÍ. Hins vegar hafði þetta ákvæði ekki verið kynnt félagsmönnum og því var veitt heimild til þess að hafa umsóknarfrest frá síðasta hausti mjög opinn. Því verður þetta kynnt betur og tekið verður við umsóknum um gjaldfrelsi hafi félagsmenn farið í nám haustið 2012.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.45

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.